

A 1780/tillvæxt

Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar um
þingmannatillögu um reiki á Norðurlöndum að Færeyjum og Grænlandi meðtöldum

Tillaga

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að koma á fót norrænu reikisamstarfi svo að allir íbúar Norðurlanda geti notið gjaldfrjálsar reikiþjónustu þvert á Norðurlönd og sjálfstjórnarsvæðin

Skýring

Frá 15. júní 2017 hefur verið ódýrt fyrir íbúa Noregs, Svíþjóðar, Finnlands, Íslands og Danmerkur að nota farsíma og gagnamagn á ferðalögum um Norðurlönd. Það er vegna reglna ESB sem kveða á um niðurfellingu hárra reikigjalda innan ESB. Neytendur geta því nýtt sér keypt gagnamagn í öllum 28 ESB- og EES-ríkjunum, án aukakostnaðar.

Grænland og Færeyjar eru ekki aðilar að þessu samkomulagi. Það er því enn dýrt fyrir íbúa Grænlands og Færeyja að nota reikiþjónustu í norrænu ríkjunum. Sama á við um íbúa Norðurlanda sem ferðast til Grænlands eða Færeyja. Há reikigjöld takmarka hreyfanleika Norðurlandabúa og torvelda þeim ferðalög þvert á landamæri hvers annars. Það stríðir gegn framtíðarsýn norrænu forsætisráðherranna um að gera Norðurlönd að samþættasta svæði heims.

Norðurlandaráð álitur mikilvægt að allir Norðurlandabúar njóti ferða- og samskiptafrelsis án þess að hafa áhyggjur af háum símreikningum. Ráðið vill því koma á fót norrænu reikisamstarfi sem nær til Norðurlanda og sjálfstjórnarsvæðanna. Allir íbúar skulu geta notað síma og gagnamagn í norrænu ríkjunum án þess að þurfa að greiða fyrir það há reikigjöld.



Sjónarmið nefndarinnar

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin styður markmið þingmannatillögu flokkahóps miðjumanna.

Hugsanlega hefði mátt leysa málið á vettvangi ríkjasambands Danmerkur, Færeyja og Grænlands, því að það eru aðallega ferðamenn í Færeyjum og Grænlandi sem glíma við vanda. Færeyingar og Grænendingar leysa almennt sín mál innan Evrópusambandsins með áskrift að danskri reikiþjónustu. Ákjósanlegast væri þó ef fyndist lausn sem rúmast innan gildandi ESB-tilskipana svo að Færeyjar og Grænland falli undir það fyrirkomulag sem gildir milli Norðurlanda og ESB-landa almennt.

Kaupmannahöfn, þriðjudagur, 9. apríl 2019

Aaja Chemnitz Larsen (IA)

Arman Teimouri (L)

Freddy André Øvstegård (SV)

Helge André Njåstad (FrP)

Henrik Brodersen (DF)

Jaana Laitinen-Pesola (saml)

Lorena Delgado Varas (V)

Mikael Staffas (Lib)

Pyry Niemi (S)

Ruth Mari Grung (A)

Solveig Sundbø Abrahamsen (H)

Stein Erik Lauvås (A)

Tony Wikström (ÅSD)

Tore Storehaug (KrF)